



ALMANNAVARNIR RÍKISINS
NATIONAL CIVIL DEFENCE OF ICELAND

Dómsmálaráðuneytið
Arnarhváli


Dags./Date
28.04.95

Tilvísun/Reference:
GP/LL/103/050

150 REYKJAVÍK

Hjálagt sendist ráðuneytinu greinargerð Almannavarna ríkisins um grundvallaratriði þau varðandi snjóflóðin á Súðavík, sem óskað var eftir í bréfi ráðuneytisins dags. 31. mars 1995 (tilv. 95030648-512).


Guðjón Petersen



GREINARGERÐ ALMANNAVARNA RÍKISINS

UM SNJÓFLÓÐIN Í SÚÐAVÍK 16. JANÚAR 1995

samanber bréf Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 31. mars 1995

(Tilv. ráðuneyris 95030648-512)

(Tilv. Av.rík 103/050)

1. Inngangur:

Greinargerð þessi byggir á þeim gögnum sem fyrirleggjandi eru hjá Almannavörnum ríkisins (hér eftir Av.rík.) um atburðina í Súðavík og fundum með þeim aðilum sem að málinu komu. Eru niðurstöður þeirra athugana síðan settar í samhengi við lög um almannavarnir, lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og heildarskipulag Av.rík. og Súðavíkur.

2. Skipulag snjóflóðavarna í Súðavík:

Skipulag snjóflóðavarna í Súðavík byggir á tvennum lögum, þ.e. lögum um almannavarnir og lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

Samkvæmt lögum um almannavarnir hefur almannavarnanefnd Súðavíkur (hér eftir Av.Súð.) gildandi neyðaráætlun frá því í september 1989, en eldri áætlun var frá stofnun Av.Súð. 1983. Av.Súð. var þannig skipuð 16. janúar 1995:

Ólafur Helgi Kjartansson sýslumaður
Gunnar Finnsson, hreppsstjóri, staðg. lögreglustj.
Elvar Ragnarsson slökkviliðsstjóri
Sigríður Hrönn Elíasdóttir sveitarstjóri, formaður
Ólafur Sveinbjörnsson heilsugæslulæknir
Heiðar Guðbrandsson, byggingafr. maður
Frosti Gunnarsson, kjörinn fulltrúi (SVFÍ)
Kjartan Geir Karlsson, kjörinn fulltrúi

Stjórnskipurit Av.Súð. fylgir greinargerðinni í fylgiriti 1, en þar er skilgreind verkaskipting nefndarinnar á hættu og neyðartímum.

Samkvæmt vinnureglu Av.rík. var haldinn kynningarfundur með Av.Súð. um skipulag almannavarna í október 1983 og aftur í október 1989 við útgáfu nýs skipulags. Í janúar 1990 tók Av.Súð. þátt í viðbúnaðaræfingu gegn snjóflóðahættu, sem haldin var á vegum Av.rík. Í október 1992 var farið ítarlega með nefndinni í gegnum alla þætti neyðaráætlunarinnar og kannað hvort nefndarmenn væru meðvitaðir um hlutverk sitt og verklagsreglur skipulagsins.

Í desember 1988 sendu Av.rík. Av.Súð. fræðslubækling um snjóflóðavarnir, til dreifingar á öll heimili í sveitarfélaginu. Í janúar 1989 afhentu Av.rík Av.Súð. öryggisbúnað fyrir athugunarmenn með snjóflóðahættu og í nóvember 1989 öryggistalstöð til að tryggja betur fjarskiptasamband við Ísafjörð á hættutímum.

Að meðaltali hefur Av.Súð. haldið fjóra fundi á ári þar sem fjallað hefur verið um öryggismál íbúanna, skipulag almannavarna með snjóflóðavarnir í forgangi, þjálfunar- og búnaðarmál. Sú fundatíðni uppfyllir þær lágmarkskröfur sem gerðar eru í skipulagi Almannavarna.

Framangreind neyðaráætlun Av.Súð. skiptist í tvo hluta, þ.e. starfsskipulag sem segir fyrir um stjórn og verkaskiptingu, og viðbragðsáætlun sem segir fyrir um hver skuli gera hvað, hvar og hvenær á hættustundu. Tekur starfsskipulagið m.a. á eftirfarandi þáttum:

1. Skipuriti almannavarna í landinu.
2. Stjórnkerfi Av.Súð. annars vegar og ríkisins hins vegar ásamt ákvæðum um ákvarðanatöku og virkjun skipulagsins.
3. Upplýsingasöfnun og -miðlun.
4. Viðvörðunum og leiðbeiningum til almennings.
5. Fjarskiptum.
6. Skipulagi hjálparliðs.
7. Verkaskiptingu starfshópa við neyðaraðgerðir
8. Fjölda- og félagslegu hjálparstarfi.

Viðbragðsáætlunin greinist hins vegar í verklagsreglur sem fara á eftir við mismunandi tegundir af vá, svo sem við snjóflóðahættu og snjóflóð, við framkvæmd rýmingar og/eða brottflutnings og meðferð hópslysa.

Hver kafli verklagsreglnanna í þeim hluta áætlunarinnar er settur upp með gátlistum sem miða við þrjú stig, þ.e. viðbúnaðarstig, hættustig og neyðarstig.

Í Súðavík höfðu hinn 16 janúar sl. alls 5 menn verið þjálfaðir á sviði almannavarna, en þjálfun þeirra skiptist þannig að 3 menn hafa setið námskeið Av.rík. fyrir almannavarnanefndarmenn, 1 maður námskeið fyrir vettvangsstjóra og 1 maður námskeið fyrir flokkstjóra í fjölda- og félagshjálp. Enginn hefur verið þjálfaður sem flokkstjóri á sviði björgunar- og ruðningsstarfa og enginn sem flokkstjóri á skyndihjálparsviði. Vegna mannbreytinga átti aðeins einn af þessum þremur mönnum sæti í almannavarnanefndinni þann 16. janúar sl.

Samkvæmt lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum var gert hættumat fyrir Súðavík árið 1989 (fyrsta snjóflóðhættumat á Íslandi), en Súðavíkurhreppur hafði þegar árið 1986 farið þess á leit, í kjölfar setningar laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Hættumatið var byggt á gögnum Veðurstofu Íslands um snjóflóðasögu svæðisins. Við gerð hættumatsins var beitt þremur viðurkenndum reiknilíkönum (tveimur eðlisfræðilegum líkönum og norsku tölfræðilíkani) og til verksins fengnir þrjár aðilar; tvær verkfræðistofur og snjóflóðadeild Veðurstofu Íslands, hér eftir VÍ, til að fá samanburð.

Í kjölfar hættumatsins létu Av.rík., með samþykki ofanflóðanefndar, gera frumathugun á kostum til snjóflóðavarna í Súðavík með gerð varnarvirkja og var skýrsla Av.rík. þar að lútandi lögð fyrir Av.Súð. í mars 1990. Engar ákvarðanir lágu fyrir um gerð varnarvirkja þegar snjóflóðin féllu í janúar 1995, en Súðavíkurreppur hafði lýst þeirri skoðun að 20% þátttaka í byggingu varnarvirkja væri hreppnum fjárhagslega ofviða.

Samkvæmt lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum skal VÍ annast öflun gagna um snjóflóð og snjóflóðahættu og úrvinnslu úr þeim. Hún á að annast mælingar á snjóalögum og rannsóknir á þeim með sérstöku tilliti til snjóflóðahættu og gefa út viðvaranir um hana. Í sveitarfélagi, þar sem hætta er talin á snjóflóðum, skal sveitarstjórn fela sérstökum starfsmanni að fylgjast með snjóalögum. Á hann að starfa að fyrimælum VÍ.

Í Súðavík hefur ekki starfað athugunarmaður með snjóflóðahættu samkvæmt framangreindum lögum síðan 1992, en hann á að starfa samkvæmt erindisbréfi Veðurstofu Íslands frá 10. mars 1991, sem Av.rík. sendu sveitarstjóra með bréfi 16. mars 1991. Í því bréfi er lögð rík áhersla á að athugunarmaður verði ráðinn og bent á hið mikilvæga hlutverk athugunarmannsins og góð tengsl hans við almannavarnanefnd. Fylgir ofangreint erindisbréf hér með í fylgiriti 2.

Með vísun til þessa og að Heiðar Guðbrandsson, sem sæti á í Av.Súð., hefur tekið að sér snjóathuganir án ráðningar, eins og fram kemur síðar, mun hann verða nefndur með nafni í greinargerðinni hér á eftir.

Hins vegar kemur fram í bókunum Av.Súð. frá 15. desember 1992 að þá sé fyrirhugað námskeið hjá VÍ fyrir snjóathugunarmenn 21. og 22. desember s.á. og ákveður nefndin að senda Heiðar Guðbrandsson á námskeiðið. (Við nánari könnun kemur í ljós að umrætt námskeið var 21. og 22. janúar 1993.) Fór Heiðar Guðbrandsson á umrætt námskeið fyrir snjóathugunarmenn og var sveitarstjóra Súðavíkur sent simbréf frá VÍ í kjölfar þess, þar sem því var lýst að hann uppfyllti öll skilyrði athugunarmanns með snjóflóðahættu.

Hinn 12. apríl 1994 sátu framkvæmdastjóri Av.rík. og sýslumaðurinn á Ísafirði fund með Av.Súð. þar sem fram kom að Heiðar Guðbrandsson hefði aldrei verið ráðinn í starf snjóathugunarmanns á vegum hreppsins, heldur unnið verkið í "sjálfboðavinnu". Varð ein niðurstaða fundarins sú að nefndin taldi nauðsynlegt að gengið verði sem fyrst frá ráðningu athugunarmanns með snjóflóðahættu.

Dagana 25. til 27. október 1994 efndu Av.rík. til námstefnu fyrir almannavarnanefndarmenn og var hún haldin á Ísafirði með snjóflóð sem meginefni. Námstefnu þessa sat m.a. sveitarstjórinn á Súðavík. Á námstefnunni ræddi sveitarstjóri við yfirverkefnisstjóra snjóflóðavarna Veðurstofu Íslands (hér eftir YSVÍ) og óskaði eftir því við hann að hann sendi sér afrit af samningi við starfandi snjóathugunarmenn svo hún gæti gengið frá samningi við Heiðar Guðbrandsson, sem hann gerði. Í kjölfarið ræddi sveitarstjóri við Heiðar og kynnti honum bréfið frá YSVÍ og gerði honum grein fyrir

Því að hann yrði að skila greinargerð um það sem hann gerði og niðurstöðum þegar hann skilaði inn vinnulista vegna snjóathugana. Heiðar Guðbrandsson hefur hins vegar aldrei skilað neinu til sveitarstjóra, hvorki tímum né greinargerðum yfir athuganir sínar.

3. Hvernig fylgst var með hættu af snjóalögum:

Hér á eftir verður gerð grein fyrir því hvernig fylgst var með hættu af snjóalögum með hliðsjón af snjóflóðahættu í Súðavík 15. og 16. janúar 1995. Annars vegar er stuðst við bókanir vaktmanns Av.rík. og minnisblöð sýslumannsins á Ísafirði og hins vegar seinni tíma skýrslur þeirra sem að því máli komu, skriflegar og munnlegar. Því verða bókanir vaktmanns Av.rík. og minnisatriði sýslumanns skáletruð til aðgreiningar, þar sem tímaskráningar liggja ekki fyrir hjá öðrum aðilum málsins.

Samkvæmt skipulagi Almanna- og Almannavarna eiga boðleiðir og ákvarðanatöku um mat á hættu og aðgerðir á grundvelli þess að vera skýr.

1. Ví hefur á hendi eftirlit með snjóalögum, metur snjóflóðahættu og varar við henni.
2. Sveitarstjórn sér um að snjóathugunarmaður sé til staðar sem fylgist með veðri á staðnum, lagskiptingu snævar, snjósöfnun og stöðugleika hans með tilliti til snjóflóðahættu samkvæmt vinnureglum Ví.
3. Athugunarmaðurinn kemur athugunum sínum á framfæri við Ví, sem metur snjóflóðahættuna á grundvelli þeirra.
4. Ví kemur viðvörðun um snjóflóðahættu á framfæri við A.v.rík, sem lætur hana ganga áfram til lögreglustjóra.
5. Lögreglustjóri kallar saman almannavarnanefnd, sem lætur fara fram staðlægt hættumat og nýtur við það ráða snjóathugunarmanns á staðnum.
6. Á grundvelli þess hættumats er gripið til viðeigandi ráðstafana samkvæmt viðbúnaðar-, hættu- og/eða neyðarstigi skipulagsins.
7. Fáir einhver nefndarmanna í almannavarnanefnd grun um að hættuástand sé að skapast getur hann kallað nefndina saman til mats á hættu og ákvarðanatöku um aðgerðir.

Athuga ber í þessu sambandi að á hættu- og neyðartímum hefur formaður almannavarnanefndar ekkert stjórnunarvald umfram aðra nefndarmenn, en stjórnunarvaldið er í höndum lögreglustjóra, eða fulltrúa hans í almannavarnanefnd.

Hinn 15. janúar 1995 kl. um 1730 hafði YSVÍ samband við vaktmann Av.rík. og sagði að ástæða væri til að fylgjast með snjóflóðahættu á Vestfjörðum og hugsanlega á Siglufirði. Hann sagðist jafnframt hafa samband við snjóathugunarmenn á Ísafirði og Súðavík og sýslumanninn á Ísafirði. Þá sagðist hann einnig verða í sambandi við Veðurstofuna, en yfirverkefnisstjórinn var heima hjá sér (sunnudagur).

Um kl. 1730 hefur YSVÍ einnig samband við sýslumanninn á Ísafirði og og var þá ekki talin yfirvofandi hætta í umdæminu, en YSVÍ taldi ástæðu til að fylgjast sérstaklega með Súðavík um kvöldið.

Kl. 1910 hefur YSVÍ samband við vaktmann Av.rík. og tilkynnir honum að hann sé búinn að tala við þessa aðila og að þeir telji ekki hættuástand eins og er.

Kl. 1915 upplýsir vaktmaður Av.rík. framkvæmdstjóra stofnunarinnar um viðskiptin kl. 1730 og 1910.

Í skýrslu Heiðars Guðbrandssonar frá 4. apríl 1995 kemur fram að um eða rétt fyrir kl. 2000 hafi hann farið að undirbúa veðurathugun frá Þverfjalli. Rétt um kl. 2000 hafi hreppstjóri haft samband við hann og gert honum grein fyrir því að snjór legðist eins eða líkt og 17. desember 1994, en 18. desember féll snjóflóð á bæinn Saura neðan við Traðargil í Súðavík. Kom þeim saman um að Heiðar fylgdist með veðri, en að hreppstjóri hefði samband við sveitarstjóra, sem jafnframt er formaður almannavarnanefndar. Hins vegar kemur fram í athugasemdum sveitarstjórans um þessi mál að hreppstjóri talar ekki við hana fyrr en um kl. 0100 þann 16. janúar, eftir að sveitarstjóri hafði verið í sambandi við YSVÍ.

Í skýrslu hreppstjóra um málið segir hann að snemma kvölds þann 15. janúar hafi hann haft samband við sýslumann vegna veðurspár fyrir Vestfirði með tilliti til snjóflóðahættu á Súðavík. Sýslumaður hefði tjáð honum að hann hefði verið í sambandi við Veðurstofuna og að ekki væri talið hættuástand á Súðavík.

Kl. um 2030 (sennilega) átti sér stað símtal milli YSVÍ og sýslumanns þar sem fram kemur að ekki sé talin yfirvofandi hætta þá.

Kl. 2035 ákveður vaktmaður Av.rík., í kjölfar veðurfregna í sjónvarpi, að hafa samband við sýslumanninn á Ísafirði vegna þessa. Staðfestir sýslumaður í því samtali að þeir hafi verið í sambandi, YSVÍ og athugunarmaðurinn á Ísafirði, og að niðurstaða þeirra sé að ekki sé snjóflóðahætta á Vestfjörðum.

Kl. 2035 sér Heiðar Guðbrandsson að vindur hefur snúist úr 33° kl 1900 í 10° kl. 2030 og telur þá að stefna muni í óefni ef veðurspá rættist þar sem báðir snjóflóðafarvegirnir séu eitt "gler" eftir rigningar og síðan frost. Eftir það hefur hann samband við slökkviliðsstjóra, sem einnig á sæti í Av.Súð. og tjáir honum áhyggjur sínar, en það samtal er ekki tímasett.

Kl. 2040 hefur vaktmaður Av.rík. samband við sýslumanninn á Siglufirði til að fullvissa sig um að hann hafi einnig vitneskju um stöðu mála og tilkynnir hann vaktmanni að hann sé að fara á fund í almannavarnanefnd til að meta stöðuna, en þar hafi snjóað mikið um helgina en nú sé farið að rigna.

Kl. 2140 koma skilaboð til vaktmanns Av.rík. frá sýslumanninum á Siglufirði um að Siglufirðingar telji ekki snjóflóðahættu, en að þeir muni fylgjast vel með.

Kl. 2141 upplýsir vaktmaður Av.rík. framkvæmdstjóra um viðskiptin kl. 2035, 2040 og 2140, og niðurstöður þeirra.

Í skýrslu Heiðars Guðbrandssonar kemur fram að á tímabilinu hér á eftir og fram til miðnættis, hafi hann rætt við YSVÍ nokkrum sinnum um veðurpróunina, en þau samtöl eru hvorki skráð ná tímasett. Hann segist einnig hafa rætt við sýslumanninn á Ísafirði um kvöldið varðandi áhyggjur sínar vegna yfirvofandi snjóflóðahættu. Kemur fram í skýrslunni að sýslumaður leggi áherslu á að "heimamenn" verði að meta aðstæður og taka nauðsynlegar ákvarðanir út frá því mati. Einnig kemur fram hjá honum að í samtali sem hann átti við sýslumann telji hann (þ.e. sýslumaður) að eðlilegt sé að Av.Súð. komi saman til að ákveða nánari aðgerðir. Engar bókanir né tímasetningar liggja fyrir um þessi samtöl, en sýslumaðurinn á Ísafirði segir að samtal hans við Heiðar Guðbrandsson hafi verið um miðnættið, þar sem hann hafi heyrt miðnæturfrettir útvarpsins í upphafi þess. YSVÍ staðfestir að hafa átt nokkur samtöl við Heiðar um þessi mál um kvöldið, þar sem skipst var á upplýsingum og mati á ástandi, en tímasetningar séu óljósar.

Í skýrslu hreppstjóra kemur fram að rétt um miðnættið hafi hann verið í sambandi við sveitarstjóra sem tjáði honum að hún væri í stöðugu sambandi við VÍ og að menn þar teldu ekki vera hættuástand í Súðavík.

Kl. um 2359 hringdi Heiðar Guðbrandsson í sýslumann og lýsti yfir áhyggjum af snjóflóðahættu. Sagði sýslumaður að heimamenn skyldu meta hættuna og grípa til viðeigandi ráðstafana þar sem hann sem fjarstaddur ætti ekki góðan kost á að leggja mat á aðstæður.

Á tímabilinu frá miðnætti til kl. 0300 segist Heiðar vera í sambandi við YSVÍ með upplýsingar um veðurpróun og að þeir hafi orðið sammála um að hættuástand væri að skapast. Segist Heiðar hafa einnig haft samband við hreppstjóra og hefur eftir honum að hann hafi verið í sambandi við sveitarstjórann sem teldi ekkert að óttast. Sveitarstjórinn hafi sagt sér að hún hafi einnig verið í sambandi við YSVÍ.

Að sögn sveitarstjóra var hún í sambandi við YVSÍ um kl. 0100 og í því samtali hafi YVSÍ ekki talið hættu á snjóflóðum á Súðavík, en fylgjast þyrfti vel með. Í símtali hreppstjóra við hana upplýsti hún hann um það.

Haft er eftir YSVÍ að í síðasta samtali hans við Heiðar Guðbrandsson hafi ótvírætt komið fram eð ekki væri síður ástæða til að hafa áhyggjur af ytra svæðinu". Ekki hafi verið rætt um rýmingu, en rætt um að hugsanlega ætti að hafa samband við íbúa og t.d. koma fram tilmælum um að fólk héldi sig neðantil í húsum sínum.

YSVÍ hafði síðan samband við sveitarstjóra og tjáði henni að hann og Heiðar Guðbrandsson hefðu "ekki síður" áhyggjur af "ytra svæðinu / svæðinu ofan byggðarinnar / svæðinu ofan Túngötunnar", er hún spurði um snjóflóðahættuna í Traðargili. Sveitarstjórinn svaraði því til að hún álti það svæði í lagi og fyrst Heiðar Guðbrandsson og YSVÍ hefðu ekki bráðar áhyggjur af Traðargili væri þetta "líklega í lagi". Eftir þetta svar lagði YSVÍ á það áherslu að kallaður yrði saman fundur í Av.Súð. til að fleiri aðilar athuguðu málið og ræddu það, en sveitarstjóri svaraði því til að það væri ekki hægt, "það væri ekki hundi út sigandi". YSVÍ spurði þá hvort hún gæti ekki haldið símafund, en sveitarstjóri sagðist ekki vita hvernig ætti að gera það og spurði YSVÍ hvort hann vissi það, sem hann vissi ekki. Niðurstaða samtalsins var sú að sveitarstjóri hefði samband við sýslumann, en YSVÍ hefði samband við vaktmann Av.rík. og tilkynntu viðkomandi niðurstöðu þessa samtals.

YSVÍ segir það rétt vera að í samtali sínu við vaktmann Av.rík. kl. 0225 hafi hann ekki nefnt "ytra svæðið" og séu það mistök af hálfu YSVÍ.

Samkvæmt greinargerð sveitarstjóra segir að á tímabilinu milli kl. 0215 og 0230 hafi YSVÍ hringt í hana og tjáð henni að aðstæður væru þannig að snjóflóðahætta gæti skapast en ekki væri bráð hætta á Traðargilssvæðinu, en að almannavarnayfirvöld á staðnum yrðu að taka ákvörðun um það hvort ástæða væri til að rýma svæðið. Strax að þessu símtali loknu hringdi hún í sýslumann og gerði honum grein fyrir samtalinu við YSVÍ. Þar sem veðurofsinn var mjög mikill og allar götu ófærar varð niðurstaðan í því samtali sú að sveitarstjóri léti strax rýma hús á Traðargilssvæði og hringdi í alla almannavarnanefndarmenn og gerði þeim grein fyrir því að verið væri að rýma það svæði og fundur yrði haldinn í nefndinni kl. 0800 mánudagsmorguninn 16. janúar. Hún fór þá strax í að rýma Traðargilssvæðið og kallaði út moksturstæki og bil til að flytja fólk. Meðan á rýmingu stóð var hún í símasambandi við ökumann moksturstækisins og áður en hann lauk störfum bað hún hann um að vera búinn að hreinsa snjó frá stjórnstöð Almannavarna í Súðavík, sem jafnframt er skrifstofa Súðavíkurrepps, fyrir kl. 0800 þennan umrædda morgun. Einnig hringdi hún í leikskólastjóran og bað hana að hringja í foreldra leikskólabarna um kl. 0700 um morguninn og tilkynna þeim að leikskólinn yrði lokaður þennan dag.

Hinn 16. janúar kl. 0225 hefur YSVÍ samband við vaktmann Av.rík. og segist hafa vaxandi áhyggjur af Súðavík. Þar sé nú komin norðvestan átt og versta veður. Segist hann helst hafa áhyggjur af Traðargilinu. Hann hafi verið í sambandi við formann Av.Súð. og lagt til að nefndin verði kölluð saman. Sagði YSVÍ að formaður Av.Súð. ætli að hafa samband við sýslumann vegna þessa.

Kl. 0230 hefur sveitarstjórinn í Súðavík samband við sýslumanninn á Ísafirði og segist hafa verið að ljúka samali við YSVÍ og að niðurstaða þess samtals hefði verið sú að undir Traðargili væri álitin hætta á snjóflóðum. Svar sýslumannsins var þá eftirfarandi: "Láttu rýma húsin, moka Aðalgötuna og kalla saman almannavarnanefnd." Sveitarstjóri taldi ómögulegt að komast á fundarstað vegna ófærðar og veðurs og vildi fresta fundi til morguns. Svar sýslumanns var að þá skyldi hafa símafund, eða símasamband við hvern nefndarmann, en fundargerð skyldi staðfesta um morguninn.

Í kjölfar þessara samtala hefur sveitarstjóri samband við Heiðar Guðbrandsson og segist hafa talað við sýslumanninn á Ísafirði sem hafi fyrirskipað að rýma svæðið neðan við Traðargil og moka Aðalgötu, en að nefndin komi saman kl. 0800 til að bóka þá ákvörðun. Í þessu samtali Heiðars við sveitarstjóra segist hann hafa bent á að hættuástand væri að skapast og lagt á það áherslu að ekki megi dragast að nefndin komi saman, og að hreppstjóri sem væri "í hinum símanum" væri því sammála. Væru þeir búnir að ákveða útkall strax. Í snörpum orðaskiptum við sveitarstjóra, sem Heiðar segir að hreppstjóri hafi orðið vitni að, sagði hann formanni þá skoðun sína að hann teldi að um almannavá væri að ræða á "ytra snjóflóðasvæðinu" og að við því væri skylda að bregðast srax, þar sem það gæti verið of seint að morgni. Formaður neitaði fundinum aftur á fyrri rökum og sleit samtalinu samkvæmt því er segir í skýrslu Heiðars.

Í máli sveitarstjóra kemur hins vegar fram að erfiðlega hafi gengið að ná símasambandi við alla almannavarnanefndarmenn þar sem síminn var á tali hjá tveimur þeirra (hreppstjóra og á vinnustað slökkviliðsstjóra). Þegar hún hringdi í Heiðar Guðbrandsson skýrðist ástæða þess þar sem hann hafði verið í símasambandi við og var enn að tala við hreppstjóra. Heiðar hefur tvo síma og var hreppstjóri í símasambandi við hann í öðrum símanum á meðan þau ræddust við í hinum símanum. Rétt er að geta þess að samkvæmt frásögn sveitarstjóra hrindgi Heiðar Guðbrandsson aldrei í hana, hvorki kvöldið áður né þessa umræddu nótt. Þegar hún ræddi við hann í þessu símtali var hann ósáttur við að hún væri að láta rýma Traðargilssvæðið og vildi að fundur yrði boðaður þá þegar og ákvörðun um rýmingu tekin þar af nefndinni. Þá segir sveitarstjóri að aldrei hafi komið fram hjá Heiðari í þessu símtali að snjóflóðahætta væri á "ytra svæðinu" og hafi hreppstjórinn, sem hlustaði á Heiðar Guðbrandsson í hinum símanum, staðfest á fundi almannavarnanefndar Súðavíkur þann 22. mars sl. að einungis hafi verið rætt um hættu á Traðargilssvæði í þessu símtali. Þar sem sveitarstjóri var ekki búinn að ná í alla nefndarmenn og var jafnframt að láta rýma Traðargilssvæðið, tjáði hún Heiðari að hún hefði ekki tíma til að ræða lengi við hann. Var hann mjög ósáttur við það og sagði að hann og hreppstjóri myndu þá boða til fundar strax. Sagði hún að það væri hans mál. Ástæður þess að hún taldi sig ekki geta orðið við beiðni hans um fund til að taka ákvörðun um að láta rýma Traðargilssvæðið voru einkum þær að veðurofsi var mikill og allar götur ófærar þannig að það hefði tekið dágóðan tíma fyrir nefndarmenn að mæta á fundarstað, moksturstækið hefði þá orðið að hætta við að aðstoða þá íbúa sem voru að yfirgefa heimili sím á Traðargilssvæðinu og fara þess í stað að aðstoða nefndarmenn til að komast að stjórnstöð sinni, auk þess að hreinsa þurfti snjó frá stöðinni en snjór var alveg fyrir inngangi og náði upp í mæni. Á þessum tíma var þetta eina moksturstækið á Súðavík. Þar sem erfiðlega gekk að slíta samtalinu við Heiðar ítrekaði hún enn og aftur að hún hefði ekki tíma til að tala lengur við hann þar

sem hún væri að hringja í alla almannavarnanefndarmenn (nokkurs konar símafundur) til að láta þá vita um stöðuna og að verið væri að rýma Traðargilssvæðið. Fundur yrði haldinn kl. 0800 um morgunin, auk þess sem hún þyrfti nú að hringja í íbúa á Traðargilssvæði vegna rýmingar þess svæðis, sagði bless og lagði tólið á.

Í samtali Heiðars við hreppstjóra eftir þetta kom fram að þeir teldu sig þurfa að hlýta ákvörðun sýslumanns, þótt þeir teldu hana vera ranglega flutta af sveitarstjóranum.

Í skýrslu hreppstjóra varðandi þetta símtal Heiðars Guðbrandssonar og sveitarstjórans tekur hann fram að hann hafi að sjálfsögðu aðeins getað hlýtt á það sem Heiðar sagði og það frekar ógreinilega. Hann telur sig ekki geta staðfest að Heiðar hafi rætt í því samtali um að um almannavá væri að ræða á "ytra svæðinu", en staðfestir að Heiðar hafi farið fram á það að nefndin yrði kölluð strax saman. Eftir símtal Heiðars og sveitarstjórans hefði hann (Heiðar) tjáð honum að verið væri að rýma Traðargilssvæðið og að sýslumaður í samráði við sveitarstjóra hefðu ákveðið að nefndin kæmi saman kl. 0800 þann 16. janúar. Eftir stuttar samræður þeirra á milli segir hann þá hafa verið sammála um að nóg væri að gert að svo stöddu. Eftir það hafi enginn haft samband við hann fyrr en hann fær tilkynningu kl. 0635 að snjóflóð hafi fallið á byggðina.

Kl. 0235 hefur vaktmaður Av.rík. samband við formann Av.Súð. sem segir að sýslumaður hafi ekki talið ástæðu til að kalla Av.Súð. saman fyrr en kl. 0800 um morguninn, en þau verið sammála um að formaðurinn léti rýma 6 hús neðan við Traðargilið. Segist formaðurinn vera að hringja í þessi hús og að hún muni senda gröfu á undan fjórhjóladrifnum bíl sem safni fólkinu saman. Segist formaðurinn taka ættingja af svæðinu heim til sín, en að aðrir fari þangað sem þeir vilja, en að hún muni "halda utan um málið". Vaktmaður Av.rík. spyr þá formanninn hvort hún vilji að stjórnstöð Av.rík. verði virkjuð, sem hún taldi ekki þörf á "þar sem hér væri eingöngu um fyrirbyggjandi aðgerðir að ræða".

Kl. 0240 upplýsir vaktmaður Av.rík. stjórnstöð Landhelgisgæslunnar um framangreind viðskipti, til að tryggja vitneskju vaktmanna þar, en stjórnstöðin vaktar neyðarsíma Av.rík. utan daglegs vinnutíma.

Í skýrslu hreppstjóra tekur hann skýrt fram að allt umrætt tímabil og allt fram til kl. 0635 að morgni 16. janúar hafi enginn haft samband við hann utan Heiðar Guðbrandsson. Enginn hafi sagt honum að Veðurstofan hafi lagt til að Almannavarnanefnd Súðavíkur yrði kölluð saman. Enginn hafi sagt honum að sýslumaður hafi óskað eftir því að nefndin kæmi saman fyrr en kl. 0800 um morgunin. Á þessu umrædda tímabili hefðu áhyggjurnar beinst að Traðargilssvæðinu, en Túngatan hefði borist lítilliga í tal á milli sín og Heiðars. Hann segir það rétt vera að þeir Heiðar hafi verið sammála um að nefndin kæmi saman um nóttina vegna hættuástands sem þeir töldu vera að myndast á Traðargilssvæðinu.

Kl. 0630 tilkynnir stjórnstöð Landhelgisgæslunnar vaktmanni Av.rík. að hún hafi fengið tilkynningu frá formanni Av.Súð. um að snjóflóð hafi fallið, en að ekkert sé vitað meira og verið sé að kanna málið.

3. Hvernig staðið var að viðvörun til bæjarbúa daginn eða dagana fyrir umrætt snjóflóð:

Ekkert viðvörunarkerfi er til staðar í Súðavík, en samkvæmt reglugerð um viðvörunarmerki Almannavarna er einungis gert ráð fyrir að viðvörunarkerfi skuli vera í byggðum með 2000 íbúa eða fleiri.

Í tilhögun viðvarana innan skipulags Almannavarna er því gert ráð fyrir að í byggð af þessar stærð sé viðvörunum komið á framfæri um útvarp og/eða með því að aka um byggðina með gjallarhorn og kalla viðvörun til íbúanna, eða með sendiboðum sem fari á milli húsa.

Samkvæmt skipulaginu fer lögreglustjóri með framkvæmd viðvörunar til íbúa, og hreppstjóri í umboði hans, í tilfelli Súðavíkur (sjá meðfylgjandi stjórnskipurit almannavarnanefndar).

Viðvörun til íbúa vegna snjóflóðahættu byggist á mati Ví, og staðlægu mati athugunarmanns og almannavarnanefndar á hættu sbr. neyðaráætlun Almannavarna Súðavíkur, "snjóflóð-viðbúnaðarstig- hættustig".

Engar upplýsingar bárust Av.rík. um snjóflóðahættu í Súðavík fyrr en kl. 0225 og þá frá YSVÍ. Er í þeirri tilkynningu eingöngu talað um snjóflóðahættu neðan Traðargils. Av.rík. hafa þá þegar samband við formann almannavarnanefndar (kl. 0235), þar sem YSVÍ segist hafa verið í sambandi við hana um málið, til að fá staðfest að verið sé að vara íbúa við á því svæði og biðja þá að rýma hús sín og fær í því samtali staðfest að sýslumaður hafi verið upplýstur um málið. Á tímabilinu frá kl. 1730 hinn 15. janúar til kl. 0630 hinn 16. janúar að snjóflóðið fellur er þeim upplýsingum aldrei komið á framfæri við Av.rík. né heldur sýslumanninn á Ísafirði frá hlutaðeigandi eftirlitsaðilum að snjóflóðahætta geti verið að myndast á "ytra svæðinu". Því kemur aldrei til af hálfu Av.rík. eða sýslumanns að viðvörun sé komið á framfæri við íbúa þar. Miðað við veðuraðstæður og tíma sólahrings var eina virka leiðin til viðvarana innan Súðavíkur að hringja í hvert hús og koma munnlegum viðvörunum á framfæri, eins og gert var neðan Traðargils.

Sýslumaður fær fyrstu upplýsingar um að snjóflóðahætta sé að skapast í Súðavík um miðnætti 15. janúar. Hann óskar eftir að nefndin verði kölluð saman til að meta ástand og grípa til ráðstafana eftir því. Ekki er farið að þeim tilmælum hans né unnið í framhaldi þar af eftir neyðarskipulagi Almannavarna Súðavíkur.

Í skýrslu Heiðars Guðbrandssonar segir að hreppstjóra, sem samkvæmt skipulagi Almanna- og sveitarstjóranna á að sjá um framkvæmd viðvörðunar í Súðavík og er jafnframt yfirmaður Av.Súð. í umboði lögreglustjóra, hafi verið kunnugt um það mat Heiðars fyrir kl. 0300 hinn 16. janúar að hættuástand geti verið á "ytra svæðinu" og samkvæmt skýrslunni ákveði hann og hreppstjóri að kalla nefndina saman, en gera það ekki vegna ágreinings við formann, þrátt fyrir að hreppstjóri hafi æðsta vald til þess, sem umboðsmaður lögreglustjóra á svæðinu. Sama er að segja um Heiðar Guðbrandsson sem hafði það vald samkvæmt grein 3.3 í starfsskipulagi Almanna- og sveitarstjóranna en þar segir að "einstakir nefndarmenn geta hver fyrir sig kallað nefndina saman ef þeir telja að hættuástand sé að skapast eða hafi orðið. Skal hún þá mæta í stjórnstöð til mats á ástandi, ákvarðanatöku og stjórnunar aðgerða". Þegar ágreiningurinn við formanninn er ljós orðinn láta hvorki hreppstjóri né Heiðar Guðbrandsson sýslumann eða Av.rík. víta af áhyggjum sínum vegna "ytra svæðisins".

Í skýrslu hreppstjóra kemur hins vegar fram, hvað varðar umsögn Heiðars Guðbrandssonar um að hreppstjóra hefði verið kunnugt um það fyrir kl. 0300 að hættuástand gæti verið að skapast á "ytra svæðinu", að í umræðum þeirra (Heiðars og hreppstjórans) hafi aldrei verið talað um að þar væri veruleg hættuástand eða að það ætti að rýma það svæði og bendir í því sambandi sérstaklega á að sjálfur búi hann með sinni fjölskyldu í Túngötu. Þá varpar hreppstjóri fram þeirri spurningu í skýrslunni hvenær hreppstjóri verður yfirmaður nefndarinnar þessa umræddu nótt, þar sem sýslumaður hafi sjálfur verið aðili að málinu allt fram til kl. 0230 og þeir sem töldu sig þurfa að hafa samband við yfirmann nefndarinnar hefðu alltaf haft samband við hann. Hvorki sýslumaður, VÍ né Av.rík. hafi haft samband við sig á umræddu tímabili.

Þá kemur fram á minnisblaði sveitarstjóra til Almanna- og sveitarstjóranna ríkisins að hreppstjóri hafi hlustað á Heiðar tala við sveitarstjórn og að í því samtali hafi Heiðar aldrei talað um hættu á "ytra svæðinu" og því sé fullyrðing um annað röng og ekki hægt að draga hreppstjóra til ábyrgðar. Fram hafi komið í samtali hennar við hreppstjóra eftir að þessu válegu atburðir gerðust að hann hafi verið sammála því að rýma aðeins Traðargilssvæðið, þar sem aldrei hafi komið fram vitneskja aðfaranótt 16. janúar sl. um að snjóflóðahætta væri á "ytra svæðinu".

Að lokum skal það tekið fram að sveitarstjóri telur það mjög slæmt ef YSVÍ og Heiðar Guðbrandsson hafi vítað um hættu á "ytra svæðinu" og ekki komið þeirri vitneskju til Almanna- og sveitarstjóranna ríkisins, lögreglustjórans á Ísafirði eða til sveitarstjórans á Súðavík.

4. Hvernig staðið var að hjálparstarfi og hreinsun með sérstöku tilliti til þess að perónulegar eigur sumra íbúa glötuðust fullkomlega við þær aðgerðir:

Unnið er að heildarskýrslu um skipulag og framkvæmd hjálparstarfsins í náttúruhamförunum 16. til 23. janúar 1995. Þar sem samantekt og úrvinnsla þeirra gagna er mjög viðamikil er ekki gert ráð fyrir að heildarskýrsla um þann þátt verði tilbúin fyrr en að lokinni ráðstefnu þeirra sem að því komu en hún verður haldin 30. og 31. maí nk. Því mun í þessari greinargerð verða fjallað um verndun eigna meðan á neyðaraðgerðum stóð innan skipulags almannavarna og eignabjörgun, hreinsun og eignavörslu eftir að neyðaraðgerðum lauk og sveitarstjórn Súðavíkur tók við stjórn atburðarásar.

Eftirfarandi hluti greinargerðarinnar er byggður á skýrslu sendimanns Av.rík. til Súðavíkur til ráðuneytis um verðmætavörslu, dags. 23. janúar 1995, og skýrslu Slökkviliðs Reykjavíkur, sem tók að sér að fara með stjórn verðmætavörslu meðan unnið var samkvæmt skipulagi Almannavarna til 23. janúar, en skýrslan var lögð fram hjá Av.rík. 1. mars 1995.

Hinn 19. janúar 1995, þegar ljóst var að veður og aðrar aðstæður eftir snjóflóðin heimuluðu að farið væri að huga að eignavörslu og björgun, sendu Av.rík. tvo verkfræðinga til Súðavíkur til að vera til ráðuneytis um skipulag þeirra mála. Komu þeir til Ísafjarðar kl. 1530 og áttu þá þegar fund með almannavarnanefnd Ísafjarðar um verkefnið. Um kvöldið fóru þeir í vettvangsskoðun um svæðið til skipulagningar. Eftir þá könnunarferð varð niðurstaða þeirra sú að u.þ.b. 40 manna hópur væri heppilegastur til eignavörslu, en að heimamenn myndu sjálfir ráða við að loka húsum til bráðabirgða.

20. janúar hófst vinna við eignavörsluna og var unnið eftir eftirfarandi skipulagi:

Vettvangsstjóri var útnefndur til að stjórna framkvæmd eignabjörgunar og -vörslu.

Annar vettvangsstjóri var útnefndur til að annast öryggisgæslu eignabjörgunarmanna, en snjóflóðahætta var enn yfirvofandi.

Verðmætavörður var skipaður til að skrá og taka á mótí verðmætum í félagsheimili Súðvíkinga og hafði hann einn lykil að félagsheimilinu, en fulltrúi Av.rík. aðra tvo. Skipt var um skrá.

Ákveðið var að allir lausir munir sem fyndust í flóðinu skyldu merktir eiganda eða fundarstað og settir í kassa sem síðan færi í vörslu verðmætavarðarins í félagsheimilinu.

Tækjavörður var skipaður til að sjá um öll verkfæri og tæki til starfsins.

Myndaðir voru 5 vinnuhópar undir stjórn hópstjóra, sem sáu um framkvæmd á flóðasvæðum.

Dagurinn byrjaði á að tveir menn voru sendir í yfirferð um svæðið með tvo "mokara", pípulagningamenn voru sendir í yfirferð til að loka fyrir vatnsinntök til að forða vatnsskemmdum, einn maður fór til að negla fyrir brotna glugga og fjórir pípulagningamenn fóru yfir hitakerfi laskaðra húsa. Rafvirkjar voru sendir um þorpið að aftengja inntök. Þessar ráðstafanir miðuðust við að forða frekara tjóni á eignum af völdum frostskemmda eða vatnsleka og byrgja op á löskuðum húsum. Þessir menn skoðuðu allar rústir, tóku lausa muni, skráðu samkvæmt fyrirmælum og gengu frá í vörslu verðmætavaraðar. Þegar þessari yfirferð lauk voru hóparnir settir í að hreinsa frá húsum þar sem snjór hafði farið inn, en voru uppistandandi. Að kvöldi hafði verið lokið við að moka út úr og ganga frá vörslu muna úr pósthúsi, hreppskrifstofu og fjölbýlishúsinu, en verk byrjað við Túngötu 10 og Nesveg 1. Einnig var þá búið að loka fyrir vatnsinntök í öllum uppistandandi húsum við Túngötu nema þremur.

Samkvæmt skýrslu Slökkviliðsins í Reykjavík, sem eins og áður sagði fór með stjórn verðmætavörslunnar, voru fulltrúar Av.rík. á staðnum í nánú sambandi við vettvangsstjóra og þurftu þeir að gefa upp þau hús sem mátti hreinsa út, en heimild þurfti að liggja fyrir hjá eigendum eða aðstandendum þeirra húsa er átti að hreinsa.

Um kvöldið var haldinn fundur með sýslumanninum á Ísafirði um hversu langt skyldi ganga í að grafa eftir munum í flóðinu. Varð niðurstaða þess fundar að grafið skyldi eftir tilteknum munum samkvæmt óskum eigenda húsanna, eða umboðsmanni þeirra, enda væri þá hægt að benda á lílegan verustað munanna.

Laugardaginn 21. janúar var lokið við að hreinsa út úr Túngötu 9 og 10. Nesvegur 1 var dæmdur ónýtur, en munum bjargað þar út. Einnig var bjargað munum úr Túngötu 1 og Njarðargötu 10, en þessi hús voru einnig dæmd ónýt. Þá var einnig lokið við að loka vatnsinntökum húsa.

Sunnudaginn 22. janúar var sýslumanni gerð grein fyrir stöðu mála og valkostum í frekari hreinsun. Var ákveðið að fulltrúar Av.rík. færu til síns heima, en að verkið yrði áfram í höndum Slökkviliðs Reykjavíkur. Lögðu fulltrúar Av.rík. til tvo valkosti í stöðunni. Sá fyrri var að einungis væru ruddar götur í þorpinu og að ruðningnum yrði ekið á tiltekinn stað, þar sem hann yrði vaktadur og munir tíndir út til vörslu og skráningar um leið og þeir birtust, en að öðru leyti yrði svæðið látið óhreyft þannig að íbúar gætu leitað að vild í flóðinu en vaktmenn væru jafnframt yfir því til að taka muni sem kæmu undan bráðnun og kæmu þeim í vörslu samkvæmt framangreindri skráningarreglu. Síðari valkosturinn var að allt svæðið yrði hreinsað upp og keyrt á tiltekinn stað sem þá yrði vaktadur og munir tíndir úr til vörslu og skráðir.

Þennan dag hafði verið ákveðið að Súðvíkingar kæmu til að hafa umsjón með leit að eigum sínum, en þá brá svo við að mikil snjóflóðahætta var og vont veður og féllu tvö snjóflóð í nágrenni þorpsins. Var því hætt við að opna svæðið fyrir brottflutta Súðvíkinga, enda öryggi björgunarmanna einnig nokkuð ógnað. Unnu þeir að því um daginn að flytja húsgögn í verðmætavörsluna eftir skipulaginu, frosttæma hús og moka upp bíla sem voru í flóðinu og koma þeim fyrir við áhaldahús.

Mánudaginn 23. janúar komu brottfluttir Súðvíkingar til síns heima til að leita að persónulegum munum og voru björgunarmenn settir til að aðstoða fólk við að grafa í rústum.

Súðvíkingar sem voru á staðnum ræddu um að fá stórvirkar vinnuvélar til að hreinsa úr rústunum og heimilaði sveitarstjóri að moka með vinnuvélum í gegnum flóðið. Stjórnandi Slökkviliðs Reykjavíkur tók þá fram að sem fulltrúi Av.rík. heimilaði hann það ekki og var sú ákvörðun hans staðfest af sýslumanni, sem sagði hann vera við stjórn aðgerða.

Um kvöldið var hættuástandi á Súðavík aflétt og tók sveitarstjórn þar með við stjórn mála. Samkomulag varð þó um að sjö menn úr Slökkviliði Reykjavíkur yrðu áfram við störf til að aðstoða framkvæmdanefnd hreinsunarstarfsins, sem sveitarstjórn stofnsetti.

Lýkur þar með afskiptum Almannaþingarárinnar af hreinsun og verðmætavörslu.

Eftirfarandi er byggt á skýrslu framkvæmdanefndar hreinsunarstarfsí Súðavík (hér eftir FHS) um framkvæmd hreinsunarinnar.

Priðjudaginn 24. janúar ákvað FHS að ekki skyldi hróflað við flóðasvæðinu fyrir en Viðlagatrygging væri búin að koma á staðinn og gefa skriflega heimild til þess, en þeir áætli að vera á staðnum næsta dag. Einnig var tveimur mönnum í framkvæmdanefndinni falið að ná sambandi við fulltrúa allra þeirra sem misstu húseignir í flóðinu.

Miðvikudaginn 25. janúar kom nýr sveitarstjóri til starfa á Súðavík auk þess sem fulltrúar Viðlagatryggingar komu á staðinn og heimuluðu þeir af sinni hálfu hreinsun á götum og lóðum þar sem altjón varð.

Þennan dag var hafin hreinsun í húsarústum og næsta nágrenni þeirra með hjálp björgunarsveitarmanna og slökkviliðsmanna úr Reykjavík. Í flestum tilfellum voru fulltrúar húseigendá við leitina. Var miklu magni af munum bjargað og komið fyrir í körum í félagsheimilinu. Lögð var áhersla á hraða við leitina því að snjórinn var að verða þannig að honum var vart mokað með skóflum.

Fimmtudaginn 26. janúar var ákveðið að skipuleggja hreinsun á opnum svæðum og götum og framkvæma verkið 27. og 29. janúar. Var þá búið að hafa samband við eigendur og/eða fulltrúa þeirra sem misstu hús sín í flóðinu.

Laugardaginn 28. janúar var búið að ná umtalsverðum árangri í hreinsun gatna og opinna svæða. Þar sem verkefni voru ekki nógu vel skilgreind, né leyfi fengið nema hjá fáum lóðaeigendum til hreinsunar, var ákveðið að fækka tækjum og hægja á hreinsunarstarfinu. Ákveðið var þá að hefja hreinsun lóða þar sem leyfi var fengið frá lóðahöfum.

Sunnudaginn 29. janúar var enn unnið við að hreinsa rústir þeirra sem höfðu gefið heimild til þess.

Mánudaginn 30 janúar var ekki unnið vegna snjóflóðahættuástands.

Priðjudaginn 31. janúar var ákveðið að láta beltagröfu hreinsa neðan við húsaröðina við Túngötu og hjólaskófla yrði notuð til að mok því á bíla. Voru fjórir menn fengnir til að vera tengiliðir við eigendur við þá framkvæmd. Samkvæmt skýrslu FHS setti einn eigandi, Hafsteinn Númason, fyrirvara með hreinsunina. Hann óskaði eftir að ekki yrði hreyft við grunni húss hans þar sem hann vildi fá tækifæri til að skoða járnabindingar hússins. Hreinsa mátti lóðina og eyða slysgildrum og var það virt.

Eftir þetta var unnið að hreinsun lóða af fullum krafti, eins og segir í skýrslu nefndarinnar, og voru til þess notaðar vinnuvélar þar sem snjónum var ekki lengur mokað með handafli vegna þéttleika.

LOKAORÐ

Framangreind greinargerð er unnin af Almannavörnum ríkisins í apríl 1995 og byggð á skriflegum og munnlegum upplýsingum þeirra sem að málinu komu. Nú er unnið er að heildarskýrslu um alla þætti þessara náttúruhamfara þannig að af þeim megi draga sem mestan lærdóm til endurbóta á skipulagi Almannavarna í framtíðinni.


Reykjavík 28. apríl 1995



Guðjón Petersen

3.7

SKIPURIT STJÓRNAR ALMANNAVARNA SÚÐAVÍKUR



Veðurstofa Íslands
Snjóflóðavarnir

STARFSLÝSING SNJÓATHUGUNARMANNA

Almennt:

Snjóathugunarmenn starfa í þeim byggðalögum þar sem snjóflóðahætta er talin mikil.

Í 6. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum segir: "Í sveitarfélagi, þar sem hættu er talin á snjóflóðum, sbr. 2.gr., skal sveitarstjórn fela sérstökum starfsmanni að fylgjast með snjóalögum. Skal sá starfsmaður starfa að fyrirmælum Veðurstofu Íslands sem greiðir helming launa hans fyrir þessi störf samkvæmt samkomulagi þar um."

Hlutverk snjóathugunarmanns er fjórþætt:

- Veðurathuganir.
- Snjóathuganir.
- Snjóflóðaspár (í samvinnu við sérfræðing).
- Skráning snjóflóða.

Snjóathugunarmaður vinnur í nánnum tengslum við Snjóflóðavarnir Veðurstofu Íslands, og er í raun tengsl Snjóflóðavarna VÍ við staðhætti og snjóalög í viðkomandi byggð. Það er því augljóst að án virks snjóathugunarmanns er mjög erfitt fyrir Snjóflóðavarnir VÍ að meta snjóflóðahættu og gefa út marktækar aðvaranir fyrir viðkomandi byggðalag.

Snjóathugunarmaður fylgist með veðri og skráir það á þar til gerð veðurathugunarblöð. Snjóathugunarstöð er jafnframt úrkomu- eða veðurfarsstöð, og er því fylgst með veðri árið um kring.

Meðan snjór er á jörð þarf snjóathugunarmaður að fylgjast vel með snjóalögum, bæði í byggð, en þó sérstaklega til fjalla. Í því sambandi er bæði fylgst með snjómagni og uppbyggingu snjóþekjunnar. Vegna þessa er snjódýpt mæld reglulega, og eins er reglulega grafin gryfja í snjóþekjuna og innri gerð hennar könnuð og skráð.

Ef hættu er talin á snjóflóðum þarf snjóathugunarmaður að framkvæma tíðari athuganir. Í kjölfar þess er síðan metin hættu á snjóflóðum í viðkomandi byggð, og er það gert í samvinnu snjóathugunarmanns og sérfræðings á Snjóflóðavörnum VÍ. Í slíkum tilfellum vinnur snjóathugunarmaður einnig í nánnum tengslum við almannavarnarnefnd staðarins og oft einnig björgunarsveit.

Snjóathugunarmaður gerir snjóflóðaskýrslu um þau snjóflóð sem falla í hans byggðalagi, og notar til þess sérstök eyðublöð frá Snjóflóðavörnum VÍ. Þessar

skýrslur eru síðan sendar til Snjóflóðavarna VÍ til úrvinnslu.

Snjóflóðavarnir VÍ útvega snjóathugunarmönnum nauðsynleg tæki, og sjá jafnframt um fræðslu þeim til handa. Meðal fræðsluefnis er:

Snjóflóðafræði.

Veðurfræði.

Öryggisatriði / Björgun úr snjóflóði.

Í samráði við Snjóflóðavarnir VÍ er möguleiki á því að skipta starfi snjóathugunarmanns á milli tveggja aðila, til dæmis að annar sinni veður- og snjókýptarathugunum í byggð, en hinn sinni snjóathugunum til fjalla.

Verkefni snjóathugunarmanns:

- 1) Úrkomumælingar, á hverjum degi.
- 2) (Hitamælingar, á hverjum degi.)
- 3) Snjókýptarmælingar, á hverjum morgni meðan snjór er á jörðu.
- 4) Fylgjast með þróun snjóalaga til fjalla (fjarmat).
- 5) Fylgjast með vindátt og styrk yfir snjóatímann.
- 6) Fylgjast með og skrá snjómagn til fjalla.
- 7) Taka reglulega snjógryfjur til að fylgjast með lagskiptingu snjóþekjunnar.
- 8) Ef snjóflóðahætta er, taka oftast gryfjur (oft við erfiðar aðstæður).
- 9) Meta snjóflóðahættu í samvinnu við sérfræðing VÍ.
- 10) Skrá á þar til gerð eyðublöð, öll snjóflóð sem falla.
- 11) Ráðgjöf til handa almannavarnanefnd staðarins.

Kröfur til snjóathugunarmanns:

- a) Tími til að sinna starfinu.
- b) Aðstaða til að sinna starfinu (staðbinding).
- c) Reglusemi í starfi.
- d) Nákvæmni í starfi.
- e) Áhugi á snjó og snjóflóðum.
- f) Áhugi á veðri og veðurathugunum.
- g) Áhugi á útiveru.
- h) Geta starfað úti við í mjög slæmu veðri.
- i) Geta ferðast fótgangandi/á skíðum um fjallendi.
- j) Starfa það lengi að starfsreynsla myndist.

Reykjavík, 10. Apríl 1991


Magnús Már Magnússon
deildarstjóri Snjóflóðavarna VÍ